

Læknisvottorð, skjal eða snepill?



Hannes Petersen

Á síðustu vikum hefur umræðan um læknisvottorð verið hávær og eru tvö óskyld mál þar mest áberandi. Annað er mál trúnaðarlæknis flugmálastjórnar sem neitað hefur að gefa út læknisvottorð er heimilar flugmanni að stýra loftfari án takmarkana. Hitt og alls óskyld mál er ákvörðun yfirvalda að taka fyrir greiðslur til heimilislækna fyrir gerð ákveðinna læknisvottorða.

En hvað er læknisvottorð? Læknisvottorð er lögbundinn vitnisburður læknis um heilsu eða heilsuleysi einstaklings sem til læknisins leitar. Læknisvottorð eru oftast fengin að beiðni þriðja aðila og þau gerð samkvæmt reglum er fjórði aðili hefur sett. Skipta má læknisvottorðum í tvo megin flokka, læknisvottorð gerð til handa veikum og læknisvottorð gerð til handa heilbrigðum.

Fyrstu tengsl margra okkar við þessa veröld voru skólavottorðin, „vottorð í leikfimi . . .“ söng Bjartmar Guðlaugsson og má ætla að fyrir margan leikfimikennarann hafi áhöld verið um það í hvorn ofanefndan hóp þeir nemendur féllu er veifuðu þannig læknisvottorði. Sannarlega hafa margir nemendur þurft að kalla eftir vottorðum vegna veikinda sem haldið hefur þeim frá mætingu en vottorðalausir hefðu þeir orðið af mætingapunktum og jafnvel fallið. Svipaðar mætingareglur er að finna á vinnumarkaðnum þar sem kallað er eftir vottun veikinda starfsmanna svo greiða megí út umsamin laun. Í öllum tilfellum þarf læknirinn að tala við, skoða og jafnvel rannsaka sjúklinginn svo staðfesta megí sjúkdómsgreiningu þá er lögð er til grundvallar læknisvottorðinu. Í flokk vottorða vegna sjúkdóma eru þau vottorð er Tryggingastofnun ríkisins kallar eftir í samskiptum stofnunarinnar við sjúklinga, en á heimasíðu TR www.tr.is má sjá hvaða mismunandi vottorð er um að ræða og er fjöldi þeirra um tuttugu. Að lokum má benda á að í þennan flokk falla læknisvottorð sem gerð eru að beiðni lögreglu og dómsvalda vegna áverka og slysa er einstaklingar verða fyrir í vinnu og leik. Þetta er ef til vill sá hluti læknisvottorða til veikra sem læknirinn þarf að leggja hvað mesta vinnu í enda þarf að túlka niðurstöður meðal annars til framtíðar. Ekki er óalgengt að læknir þurfi að fylgja þessum vottorðum sínum eftir í réttarsal.

Önnur tengsl okkar við vottorðaveröldina bæði sem læknar og neytendur eru þau vottorð er kalla eftir vottun heilbrigðis. Við gerð þeirra læknisvottorða er beitt sama vinnulagi og við gerð annarra læknisvottorða, viðkomandi einstaklingur er kallaður í viðtal, hann skoðaður og rannsakaður með tilliti til þeirra atriða er kanna þarf sérstaklega hverju sinni. Grundvallaratriðið er að þetta eru heilbrigðir einstaklingar þar sem leita þarf eftir frávikum frá heilbrigði samkvæmt ákveðnum reglum. Þessar reglur eru settar af yfirvöldum og eru hugsaðar til verndar almennum borgurum gangandi og akandi þegar um heilbrigðisvottorð vegna ökuskiðnis er að ræða og til verndar flugfarþegum þegar um heilbrigðisvottorð vegna flugskíðnis er að ræða. Þær reglur sem stuðst er við þegar veitt er leyfi til stjórnunar loftfars hafa breyst mikið síðustu ár, sérstaklega vegna aukinnar samvinnu landa í Evrópu og vestanhafs. Þar eru nú gerðar kröfur um sérstakar rannsóknir til að staðfesta heilsu, svo sem heilalínurit, heyrnarpróf og talgreiningarpróf svo eitthvað sé nefnt og eru flestir er koma að flugi skyldaðir í þetta, svo sem flugvélstjórar og flugumferðarstjórar.

Eins og fram hefur komið er vottorð lögfest greining læknis á heilsu einstaklings og sem rökstuðningur fyrir þeirri greiningu eru niðurstöður skoðunar og rannsókna. Það er ekki mál læknisins ef niðurstaðan er utan viðmiðunarmarkna heldur fyrst og fremst mál einstaklingsins er eftir vottorðinu leitar og háð þeim reglum sem hann eða starf hans lýtur hverju sinni. Þess ber þó að geta að læknisfræðin er liggur til grundvallar vottorðagerðinni flokkast til lífvísinda og stjórnast af ákveðinni aðferðafræði sem því miður, verður maður stundum að segja, svarar ekki með já eða nei, gefur ekki svartar eða hvítar heldur gráskala niðurstöður sem af og til valda vafamálum. Mikilvægast hlýtur að vera í þannig tilvikum að þeir sem reglurnar eiga að verja njóti vafans. „Ekki er sjórinn sekur þó syndi ei allir fuglar.“

Frágangur fræðilegra greina

Höfundar sendi tvær gerðir

handrita til ritstjórnar Læknablaðsins, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi. Annað án nafna höfunda, stofnana og án þakka sé um þær að ræða. Greininni fylgi yfirlýsing þess efnis að allir höfundar séu samþykkir lokaformi greinar og þeir afsali sér birtingarrétti til blaðsins.

Handriti skal skilað með tvöföldu línbili á A-4 blöðum. Hver hluti skal byrja á nýrri blaðsíðu í eftirtalinni röð:

- Titilsíða: höfundar, stofnanir, lykilorð á ensku og íslensku
- Ágrip og heiti greinar á ensku
- Ágrip á íslensku
- Meginmál
- Þakkir
- Heimildir

Tölur og myndir skulu vera á ensku eða íslensku, að vali höfunda.

Tölvuunnar myndir og gröf komi á rafrænu formi ásamt útprenti. Tölvugögn (data) að baki gröfum fylgi með, ekki er hægt að nýta myndir úr PowerPoint eða af netinu.

Sérstaklega þarf að semja um birtingu **litmynda**.

Eftir lokafrágang berist allar greinar á tölvutæku formi með útprenti.

Sjá upplýsingar um frágang fræðilegra greina: <http://www.icemed.is/laeknabladid>

Umræðuhluti

Skilafrestur efnis í næsta blað er 20. undanfarandi mánaðar nema annað sé tekið fram.